

BORGARRÁÐ 26. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um að opna Austurvöll og fjarlægja blómabeð - R19090309

Lagt er til að Reykjavíkurborg opni Austurvöll og fjarlægji upphlaðin blómabeð sem liggja milli Vallarstrætis og Austurvallar.

Greinargerð:

Austurvöllur er hjarta Reykjavíkur og er hann afar fjölsóttur, sér í lagi á sumrin. Þau upphlöðnu blómabeð sem standa við Vallarstræti hindra mjög flæði fólks til að njóta svæðisins. Þegar loftmynd er skoðuð af svæðinu sést vel að blómabeðin eru hindrun hugmyndarinnar um opið svæði. Við það að fjarlægja blómabeðin eykst einnig öryggi þeirra sem vilja njóta Austurvallar og þar að auki er hægt að fullyrða að um umtalsverða umhverfisbót yrði að ræða fyrir svæðið allt.